



2. FUNDUR Á MIÐÖNN 2021-22, MIÐVIKUDAGINN 8. DES. KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Tveir nemendur segja sig frá námi.

2. Félagslíf NFFG

Bingókvöld var í skólanum og tókst mjög vel. Framundan er Keilukvöld, Söngkeppni og Andvökunótt. Ennþá er stefnt er á að halda Salsaballið við fyrsta tækifæri. Umræða skapaðist um hvort auka eigi sófa á göngum skólans eða horfa til þess að nemendur nýti sér betur stofnarnar sem eru alltaf opnar núna. Einnig skapaðist umræða um umgengni nemenda við borðtennisborð og billjardborð.

Fundinn sátu:

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Helgi Már Herbertsson, fulltrú NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Kristófer Breki Halldórsson, fulltrú NFFG

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi